



**BÚÐAHREPPUR**  
PÓSTH. 7 – HAFNARGÖTU 12  
750 FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Alþingi  
Erindi nr. **B** 127/2192  
komudagur 23. 5. 2002

Byggingarfulltrúi

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga.**

Á fundi skipulags og byggingarnefndar Búðahrepps þann 14 maí síðastliðinn var fjallað um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651, EES-reglur. Eftirfarandi var fært til bókar á fundinum:

Bréf frá nefndarsviði Alþingis dags 29 apríl 2002. Efni: Óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651mál, EES-reglur.

*Umfiöllun og afgreiðsla: Skipulags- og byggingarnefnd mótmælir frumvarpi til laga, 651 mál, EES reglur þar sem það hefur í för með sér verulega íþyngjandi kostnaðar ákvæði fyrir sveitarfélögin. Er þar fyrst og fremst átt við gríðarlegan kostnaðarauka sem samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér samanber ákvæði 15. gr. um starfsleyfistryggingar og 17 gr. um vöktun urðunarstaðar næstu 30 árin eftir lokun þar sem "Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður ríkisjóðs aukist sérstaklega verði frumvarp þetta að lögum." samanber fylgiskjal Fjármálaráðuneytis. S.þn bendir sveitarstjórn á að kynna sér "Ákvæði til bráðabráðabirgða" í VI kafla.*

Egilsstöðum 22. júní 2002

*Elis B. Eiríksson*

Elis B. Eiríksson

Sent í tölvupósti og í bréfi. Beðist er velvirðingar á því að ekki náðist að senda bréfið fyrir tilskilin frest.